

**Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**  
**06 101**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa  
kt. 461010-0400  
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 705,1 milljónir og afkoma kr. 22,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 31,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 146,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Dómsmálaráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Dómsmálaráðuneytis fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Pétur Fenger  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	637.600.000	617.500.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	64.569.167	57.737.705
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	2.949.356	2.984.760
<b>Tekjur samtals</b>		<u>705.118.523</u>	<u>678.222.465</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	562.593.430	504.577.981
Framlög og tilfærslur .....		322.344	542.880
Annar rekstrarkostnaður .....	5	116.342.249	143.076.731
Afskriftir .....	6	2.949.356	2.984.760
<b>Gjöld samtals</b>		<u>682.207.379</u>	<u>651.182.352</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		22.911.144	27.040.113
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(8.325)	(5.764)
		<u>(8.325)</u>	<u>(5.764)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u>22.902.819</u>	<u>27.034.349</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	21.725.163	26.077.229
Rekstrartilfærslur .....		1.177.656	957.120
		<u>22.902.819</u>	<u>27.034.349</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		13.148.623	10.959.285
Farartæki og vélar .....		279.377	363.189
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>13.428.000</u>	<u>11.322.474</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	114.630.380	75.923.156
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	464.744
Handbært fé .....		18.813.406	11.404.902
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>133.443.786</u>	<u>87.792.802</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>146.871.786</u>	<u>99.115.276</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		31.535.537	5.621.940
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>31.535.537</u>	<u>5.621.940</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	6.384.904	310.325
Viðskiptaskuldir .....		5.258.838	10.635.672
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	86.958.892	65.864.368
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	16.733.615	16.682.971
<b>Skuldir samtals</b>		<u>115.336.249</u>	<u>93.493.336</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>146.871.786</u>	<u>99.115.276</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		22.902.819	27.034.349
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	2.949.356	2.984.760
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(2.949.356)	(2.984.760)
		<u>22.902.819</u>	<u>27.034.349</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		464.744	29.962
Tengdir aðilar .....		(31.676.749)	(25.293.287)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		15.717.690	8.156.966
		<u>(15.494.315)</u>	<u>(17.106.359)</u>
		<u>7.408.504</u>	<u>9.927.990</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(5.054.882)	(1.619.714)
		<u>(5.054.882)</u>	<u>(1.619.714)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		2.054.882	819.714
Fjárfestingarframlag .....		3.000.000	800.000
		<u>5.054.882</u>	<u>1.619.714</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		7.408.504	9.927.990
		<u>11.404.902</u>	<u>1.476.912</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>18.813.406</u>	<u>11.404.902</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	637.600.000	617.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	2.949.356	2.984.760
	<u>640.549.356</u>	<u>620.484.760</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	613.200.000	1.500.000	0	614.700.000
Fjáraukalög .....	(4.600.000)	0	0	(4.600.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	27.500.000	0	0	27.500.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>636.100.000</b>	<b>1.500.000</b>	<b>0</b>	<b>637.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ....	(614.374.837)	(322.344)	0	(614.697.181)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>21.725.163</b>	<b>1.177.656</b>	<b>0</b>	<b>22.902.819</b>

	2020	2019
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	60.351.458	55.181.383
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	800.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	2.793.811	655.820
Ýmsar tekjur .....	623.898	1.900.502
	<u>64.569.167</u>	<u>57.737.705</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	441.123.452	404.843.492
Orlof, breyting .....	18.029.198	1.198.361
Launatengd gjöld .....	98.355.159	92.174.187
Starfsmannakostnaður .....	5.085.621	6.361.941
	<u>562.593.430</u>	<u>504.577.981</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	38,9	38,4

## Skýringar

	2020	2019
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.514.839	2.181.886
Byggingarvörur, almennar .....	83.666	0
Tæki og búnaður til innréttinga .....	230.269	0
Ýmis tæki og áhöld .....	850.802	225.966
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	0	13.170
Orkugjafir .....	3.312	7.297
Matvæli .....	6.589.868	7.236.297
Almennar rekstrarvörur .....	1.262.291	553.240
Vörukaup, almenn	<u>10.535.047</u>	<u>10.217.856</u>
Kennslu- og föndurvörur .....	0	10.516
Ýmsar sérgreindar vörur .....	286.281	0
Vörukaup, sérgreind	<u>286.281</u>	<u>10.516</u>
Fundir, námskeið, risna .....	1.746.075	3.582.000
Ferðir, uppihald .....	3.892.750	21.135.459
Akstur .....	616.446	820.678
Sérfræðiþjónusta .....	10.860.073	21.524.920
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	37.267	30.928
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	4.433.777	5.589.988
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	6.555.551	4.490.442
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>28.141.939</u>	<u>57.174.415</u>
Samningsbundin kaup og leiga .....	3.477.332	2.569.495
Afnotagjöld .....	11.206.762	6.399.112
Leigugjöld .....	19.736.023	44.238.711
Notkun véla og flutningatækja .....	329.160	68.420
Verkkaup .....	2.290.356	776.234
Kostnaðarhlutdeild .....	40.328.699	21.614.512
Opinber gjöld .....	10.650	7.460
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>77.378.982</u>	<u>75.673.944</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>116.342.249</u>	<u>143.076.731</u>
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.865.544	2.900.948
Farartæki og vélar .....	83.812	83.812
	<u>2.949.356</u>	<u>2.984.760</u>

## Skýringar

### 7 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	13.148.623	10.959.285
Farartæki og vélar .....	279.377	363.189
	<u>13.428.000</u>	<u>11.322.474</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	29.626.919	670.500	30.297.419
Viðbætur á árinu .....	5.054.882	0	5.054.882
	<u>34.681.801</u>	<u>670.500</u>	<u>35.352.301</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	18.667.634	307.311	18.974.945
Afskrift ársins .....	2.865.544	83.812	2.949.356
	<u>21.533.178</u>	<u>391.123</u>	<u>21.924.301</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>13.148.623</u>	<u>279.377</u>	<u>13.428.000</u>

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	114.630.380	75.923.156
	<u>114.630.380</u>	<u>75.923.156</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	6.384.904	310.325
	<u>6.384.904</u>	<u>310.325</u>

### 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	5.621.940	(21.412.409)
Flutt frá 10-101 .....	3.010.778	0
Afkoma ársins .....	22.902.819	27.034.349
Jöfnuður 31.12. ....	<u>31.535.537</u>	<u>5.621.940</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 10 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreitt orlof .....	80.504.335	62.475.137
Ógreidd laun .....	6.302.359	2.845.703
Önnur ógreidd gjöld .....	152.198	543.528
	<u>86.958.892</u>	<u>65.864.368</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	13.428.000	11.322.474
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	3.305.615	5.360.497
	<u>16.733.615</u>	<u>16.682.971</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	11.322.474	5.360.497	16.682.971
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	3.000.000	3.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	5.054.882	(5.054.882)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(2.949.356)</u>	<u>0</u>	<u>(2.949.356)</u>
	<u>13.428.000</u>	<u>3.305.615</u>	<u>16.733.615</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 2,9 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 12 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 39,8 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 13,3 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.